

Alþingi

Erindi nr. P 132/1400

komudagur 22.3.2006

Til Landbúnaðarnefndar Alþingis.

Frá Vesturlandsskógum.

Umsögn um frumvarp til laga um landshlutabundin skógræktarverkefni.

Stjórn Vesturlandsskóga fagnar framkomnu frumvarpi til laga um landshlutabundin skógræktarverkefni. Stjórnin gerir eftirfarandi athugasemd við frumvarpið: Framvarpið, ef að lögum verður, mun bæta starfsumhverfi hinna landshlutabundnu skógræktarverkefna. Eitt er það í framvarpinu, sem við hefðum þó kosið að væri með öðrum hætti. Það er ákvæðið í 5. grein um skipan stjórnar. Hefðum við kosið, að skipan stjórna verkefnanna yrði áfram með sama hætti og skv. gildandi lögum, þ.e. fjögurra manna stjórn, þar sem einn væri skipaður af ráðherra án tilnefningar, en hinir þrír einnig skipaðir af ráðherra, en tilnefndir af félagi (félögum) skógarbænda í landshlutanum, Skógrækt ríkisins og af skógræktarfélögunum í landshlutanum.

Virðingarfyllst, Hvanneyri, 13. mars 2006, fh. Vesturlandsskóga,

Sigvaldi Ásgeirsson.